

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 17. apríl 1996****um ákvörðun eyðublaðs fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt
3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang(*)****(Texti sem varðar EES)****(96/302/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/31/EB ⁽²⁾, einkum 3. mgr., 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt fyrrnefndu ákvæði ber framkvæmdastjórninni að ákveða með hvaða hætti skuli veita upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar.

Við þetta verk nýtur framkvæmdastjórnin aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar og stofnuð var samkvæmt 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/692/EBE ⁽⁴⁾.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fyrrnefndrar nefndar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Með þessari ákvörðun fylgir eyðublað fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/689/EBE um hættulegan úrgang.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. apríl 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 26, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/97 frá 4. október 1997 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 168, 2. 7. 1994, bls. 28.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48.

EVROPUBANDALAGIÐ

Eyðublað fyrir upplýsingarnar sem veita skal samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang

AÐILDARRÍKI:

Dagsetning (þegar upplýsingar eru sendar/uppfærðar)

	Stofnun/fyrirtæki
Nafn	
Heimilisfang	
Sími	
Bréfasími	

Útfyllist af framkvæmdastjórninni:

Tilvísunarnúmer skjals

Aðferð ⁽¹⁾ við meðhöndlun úrgangs (við losun eða endurnýtingu)	Afkastageta (í t á ári eða m ³ á ári)	Gerð hættulegs úrgangs EWC-númer

⁽¹⁾ Vinsamlegast notið D + R númerin úr II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun ráðsins 75/442/EBE um úrgang.